

ágúst. 1812, er ákveður, að stiptamtmaðurinn geti kvatt annan sýslumann en hinn reglulega skiptaráðanda í lögsagnar-umdæminu til að skipta dánarbúi amtmanns, og þareð sú ástæða ekki á sér stað um Böving sýslumann, sem eftir hans sögn gjörði það að verkum, að Jóhannes sýslumaður Guðmundsson var settur skiptaráðandi, þá álstur dómsmálastjórnin, að Böving eigi að fá greint dánarbú til skipta-umráða. Um leið eruð þér beðnir að láta Böving sýslumann vita, að bréf hans til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 16. júlím. þ. á., ekki hefir komið til skila, og að honum ber framvegis að senda amtinu fyrst bréf sín, þau er hann ritar stjórnarráðinu.

1864.

3. okt.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um ábyrgð fyrir peningum, sem sendir eru með pósti.

5. okt.

Í bréfi 18. dag febrúarm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, spurt um:

1. hvort embættismaður, er hefir undir höndum opinberar tekjur, sè laus allrar ábyrgðar á því opinberu fè, er hann sendir til jarðabókarsjóðsins með póstinum, undireins og hann er búinn að skila því af sér til hlutadeiganda póstaðgreiðslumanns, og
2. hvort póstmálefnaþjórnin, ef slys bera að höndum, bæti hlutadeigendum það fè, sem sannað verður, að þeir hafi sent með póstinum.

Um þetta efni kunngjörir dómsmálastjórnin yður:

Um 1. spurn.: að við þessari spurning, svona almennri, virðist eiga að kveða já; þó verður hlutadeigandi að sýna kvittun póstaðgreiðslumannsins fyrir því, að hann hafi tekið við fènu.

Um 2. spurn.: að ekki verður álitið, að póstmálefnaþjórninni sè skylt að gefa skaðabætur fyrir fè, sem sent er með pósti, þegar það týnist eður fer forgörðum af slysum, sem eigi verður kennt skeytingarleysi pósthjóna.